



FÉLAG MATREIÐSLUMANNA

Alþingi

Erindi nr. B 120/1510

komudagur 17.4 1996

Reykjavík 15. apríl 1996

Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Félags matreiðslumanna um breytingar á lögum nr. 80/1938 um stéttafélög og vinnudeilur.

Félagsmálanefnd Alþingis hefur farið þess á leit við Félag matreiðslumanna að það veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938 um stéttafélög og vinnudeilur.

Félag matreiðslumanna skorar á Félagsmálanefnd Alþingis að draga umrætt frumvarp til baka svo aðilar vinnumarkaðarins geti áfram unnið í sátt að gerð rammisamnings um samskiptareglur á vinnumarkaði.

Í frumvarpinu eru ýmis atriði sem að okkar álitu eru óásættanleg og vega þar þyngst ákvæði um aukin völd ríkissáttasemjara, afgreiðslu miðlunartillögu og stofnun verkalýðsfélaga á ákveðnum vinnustöðum. Matreiðslumenn sem starfa á stað þar sem slíkt verkalýðsfélag yrði stofnað yrðu sviftir sínu félagafrelsi. Auk þess væri það afskaplega erfitt fyrir matreiðslumenn t.d. í Straumsvík að gæta sinna hagsmuna ef slíkt félag yrði stofnað þar vegna þess að þeir eru innan við 1% starfsmanna álversins.


Í frumvarpinu má einnig finna orðalag sem er mjög vafasamt, svo að ekki sé meira sagt og ber vott um óvönduð vinnubrögð. T.d.: “Samningar hafa verið lausir um tíma” Hvað er loðið orðalag ef það er ekki þetta? Er verið að tala um klukkutíma, sólarhring, viku, mánuð?

Annað dæmi : “Sáttasemjari leggi fram friðsamlega sáttatillögu”. Við spyrjum: friðsamlega fyrir hvern? Vinnuveitendann eða launþegann?

Félag matreiðslumanna sér ekki ástæðu til að tíunda frekar galla þessa frumvarps en er tilbúið að gera það verði eftir því leitað.

Við matreiðslumenn erum bjartsýnismenn að eðlisfari og trúum því að flutningsmenn frumvarpsins sjái sig um hönd og dragi það til baka. Við teljum það sögulegt stórslys fyrir íslensku þjóðina ef frumvarpið næði fram að ganga í núverandi mynd.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. Félags matreiðslumanna


J. Trausti Magnússon